

UMSÖGN

Um umsögn frumvarps til laga um tímabundnar endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi (framlenging gildistíma laganna), 306. mál.

Íslandsstofa fagnar fram kominni þingsályktunartillögu og telur hana mikilvæga til að hægt sé að halda áfram að laða til landsins mjög svo þörf erlend verkefni í kvikmynda- og sjónvarpsgerð sem styrkir innviði íslenskrar kvikmyndagerðar. Auk þess eru hin erlendu verkefni mikilvægur þáttur í að kynna Ísland sem áfangastað fyrir erlendum ferðamönnum í gegnum myndatökur af náttúru landsins sem birtist í kvikmyndahúsum og sjónvarpskjám um allan heim..

Það er skoðun Íslandsstofu að ekki eigi að setja hámark á endurgreiðslur vegna þeirra verkefna sem hingað getað borist. Slíkar reglur geta jafnvel komið í veg fyrir að fyrirtæki taki ákvörðun um að koma hingað til lands ef þau taka ákvörðun seint á árinu um að koma hingað til lands með framleiðslu.

Hafa ber í huga að þessi fyrirtæki sem hingað koma með framleiðslu sína eru búin að setja fjármuni inn í íslenska hagkerfið, stundum svo hundruðum milljóna skiptir og því er réttlætanlegt að endurgreiða 20% þó svo það kalli á útgjöld af hálfu ríkisins á pappírnum. Dæmi er um að stórt verkefni sem tekið var á Íslandi í sumar hafi skilað Íslenska ríkinu hátt í 50 milljónir króna í formi skatta og gjalda eftir að búið var að endurgreiða 20% af þeim framleiðslukostnaði sem til féll hér á landi og þá eru óátalin sú óbeina kynning sem landið fær til næstu ára og getur skilað sér inn í aukningu á ferðamönnum.

Loks ber að minna á að flest þessara erlendu verkefna fara fram á landsbyggðinni, oft utan helsta ferðamannatímans og fjölga því gistinóttum á hótelum landsbyggðarinnar, auk þess sem störf skapast tímabundið og oft mikil uppgrip ef svo má taka til orða.

Að endingu er rétt að minna á bók Dr. Ágúst Einarsson sem fjallar um hagræn áhrif kvikmyndalistar. Þar kemur skýrt fram mikill þjóðhagslegur og menningarlegur ávinningur er af kvikmyndagerð. Eftir að framlag ríkisins til bæði 20% endurgreiðslunnar og kvikmyndasjóðs hafa verið dregin frá er áætlað að tekjur ríkisins séu um 1300 milljónir króna á ári. Þegar Dr. Ágúst Einarsson reiknar svo inn áætlaðar tekjur af ferðamönnum sem kjósa að heimsækja Ísland vegna áhrifa frá kvikmyndaframleiðslu, eykst árlegur ávinningur íslenska ríkisins í um 3400 milljónir á ári.

Reykjavík 5 desember 2011
f.h. Íslandsstofu

Einar Tómasson